

verkfall ólögmætt og gera stefnda að greiða sekt fyrir brot á téðum lagagreinum. Þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga kr. 300.00 sekt í ríkissjóð.

Þá verður að telja nægileg rök fram komin fyrir því, að vinna í Stáltunnugerðinni hafi fallið niður vegna nefndra aðgerða forráðamanna Dagsbrúnar og ber það félag því skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni vegna nefndrar vinnustöðvunar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Verkfall það, er Verkamannafélagið Dagsbrún lét hefja hjá Stáltunnugerð J. B. Péturssonar 9. þ. m., er ólöglegt.
2. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði kr. 200.00 í sekt í ríkissjóð.
3. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, er bótaskyldt gagnvart Stáltunnugerð J. B. Péturssonar.
4. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar, kr. 300.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. september 1944.

Nr. 2/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. febr. þ. á. var undirritaður kjarasamningur milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og stefnda. Í fyrstu málsgr. 5. gr. samnings þessa segir svo:

„Lágmarkskaup í almennri dagvinnu fyrir fullgilda verkamenn skal vera kr. 2.45 Fyrir slippvinnu (svo sem hreinsun á skipum, málun, smurningu og setningu skipa), kolavinnu, uppskipun og útskipun á salti, sementsvinnu (uppskipun, hleðslu þess í pakkhús og samfellda vinnu við afhendingu úr pakkhúsi og mæling í hrærivél), gæzlu hrærivélar, handlöngun hjá múrurum (hræra lögum til húðunar og færa múraranum), *hjálparvinnu í vélsmiðjum*, lýsisbræðslu og vélgæzlu á togurum í höfn greiðist kr. 2.90 á klst.“

Nú deila samningsaðiljar um það, hve viðtæka merkingu beri að leggja í orðin „hjálparvinna í vélsmiðjum“. Heldur stefnandi því fram, aðallega að hér sé átt við alla vinnu venjulegra verkamanna í vélsmiðjunum, en til vara, að átt sé við alla vinnu, sem talin verði aðstoð við þá fagmenn eða aðra, er þar starfa sjálfstætt, en stefndi heldur fram þrengri merkingu.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Aðallega:

1. Að viðurkennt verði, að með orðunum „hjálparmenn í vélsmiðjum“ í 5. gr. samnings frá 22. febr. 1944 milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands sé átt við alla verkamenn í vélsmiðjum, sem ekki eru fagmenn.

Til vara:

Að viðurkennt verði, að með orðunum „hjálparmenn í vélsmiðjum“ í 5. gr. samnings frá 22. febr. 1944 milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands sé átt við alla verkamenn í vélsmiðjum, sem hjálpa járnsmiðum, nemum og öðrum, sem vinna sjálfstæð störf í smiðjunum.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umdeilt samningsákvæði, sem sé nýmæli í kjarasamningum Dagsbrúnar og stefnda, sé þannig til komið, að eftir samningsgerð sömu aðilja 22. ágúst 1942 hafi orðið munnlegt samkomulag milli vélsmiðj-

anna og Dagsbrúnar um kaup verkamanna í vélsmiðjum. Hafi kaupflokkar samkvæmt því orðið þrír: 1. Venjulegir verkamenn, sem þangað til hafi unnið venjulega verkamannavinnu. 2. Hjálparmenn og 3. Verkamenn, sem vinna sjálfstæða fagvinnu. Kveður stefnandi framkvæmd samkomulags þessa hafa orðið á þá lund, að meginþorra þeirra verkamanna, sem unnu með járnsmiðaverkfæri í hönd, svo og hnoðhiturum, viðhöldurum og ásláttarmönnum í eldsmiðjum hafi verið greitt kaup sem hjálparmönnum, og kveðst hann geta fallt á, að slík vinna verði talin hjálparvinna og greidd samkvæmt því. Önnur vinna, eins og t. d. flutningar, breinsun á verkstæðum og vinnuplássum, kynding og annað, verði hins vegar að telja verkamannavinnu. Kveður stefndi sig hafa haft réttmæta ástæðu til að ætla, er Dagsbrún tók „hjálpurvinnu í vélsmiðjum“ upp í samningsuppkast sitt á síðastliðnum vetri, að þar væri aðeins átt við þá vinnu, er í hálft annað ár hefði verið greidd herra kaupum sem hjálparvinna. Telur hann að þurft hefði að geta þess sérstaklega í samningnum, ef leggja hefði átt viðtækari merkingu í þessi orð, en um þetta hafi ekkert verið rætt sérstaklega við samningsgerðina.

Stefnandi hefur viðurkennt, að samið hafi verið munnlega á árinu 1942 um þrískiptingu þá, er stefndi skýrir frá, en heldur því hins vegar fram, að aldrei hafi komið á samkomulag um mörkin milli venjulegrar verkamannavinnu og hjálparvinnu. Hafi um það verið stöðugt ósamkomulag milli vélsmiðjanna og Dagsbrúnar alla tíð síðan 1942. Telur hann handlöngun og þess háttar vinnu engu síður heyra undir hjálparvinnu en þá vinnu, er vélsmiðjurnar færa í þann flokk. Hefur stefnandi við munnlegan flutning málsins borið fram varakröfu sína, ef ekki yrði talið unnt að fallast á aðalkröfu hans.

Stefndi hefur mótmælt því, að deilur hafi verið milli vélsmiðjanna og Dagsbrúnar um mörk hjálparvinnusviðsins meðan munnlega samkomulagið gildi. Bendir hann á, að ef svo hefði verið, þá hefði Dagsbrún einmitt haft ríka ástæðu til þess að skilgreina hjálparvinnuna nánar í áðurgreindu samningsuppkasti.

Svo sem að framan greinir er það upplýst í málinu, að á árinu 1942 hafi komið á samkomulag um þríflokkun kaups í verkamannavinnu í vélsmiðjum, er hafi verið framkvæmt þannig allt til þessa dags, að nokkur hluti verkamannanna

hafi fengið venjulegt verkamannakaup, sem var nokkru lægra en kaup fyrir svo nefnda hjálparvinnu. Var þannig fyrir hendi, er kjarasamningurinn var gerður 22. febr. s. l., flokkun verkamannavinnu í hjálparvinnu og venjulega verkamannavinnu. Verður ekki talið, að stefndi hafi þurft að gera ráð fyrir því, að orðin „hjalparvinna í vélsmiðjum“ fælu í sér breytingu frá þeirri flokkaskipun, er áður hafði líðkæpt, án þess að það væri tekið sérstaklega fram, þannig, að öll verkamannavinna í vélsmiðjum skyldi frá gildistöku samningsins teljast til hjálparvinnu. Er því ekki hægt að taka aðalkröfu stefnanda til greina.

Varakrafa stefnanda er svo óákveðin, að hún sker eigi úr um það, hvaða vinna ætlað er til, að teljist hjálparvinna í vélsmiðjum samkvæmt framangreindum samningi. Þykir því eigi fært að leggja dóm á hana og ber að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Varakröfu stefnanda í máli þessu vísast frá dómi.

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af aðalkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 9. september 1944.

Nr. 10/1944. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi (Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögmaett verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar með stefnu, dags. 25. f. m.